

Frumskýnt í Svarta kassanum
í Menningarhúsinu Hofi
2. september 2022

hamin dagur

Eftir Samuel Beckett

LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



Ávarp

„Það er það sem mér finnst svo dásamlegt, hvernig manneskjan getur vanist breyttum aðstæðum,“ segir Vinnie, aðalpersóna Hamingjudaga, þar sem er hún grafin upp að mitti í moldarhaug, getur sig lítið hreyft og eyðir dögnum í hversdagslegar reglubundnar athafnir og stanslaust skraf frá því hún vaknar við bjölluna og þar til hún sofnar á ný. Þannig lætur hún tímann líða og staðfestir um leið eigin tilveru.

Leikritið Hamingjudagar eftir Samuel Beckett var fyrst frumsýnt árið 1961 í New York og síðar í London 1962. Verkið hlaut samstundis mikla athygli og er talið eitt höfuðverka hans. Merkingin er margræð en það sem blasir við áhorfandanum er áhrifamikil mynd af manneskju í sýnilega vonlausum aðstæðum og viðleitni hennar til að lifa af með vonina eina að leiðarljósi. Umkomuleysi Vinníar, bjartsýni og afneitun á aðstæðum gerir persónuna í senn harmræna og hlægilega og sýnir okkur á tragikómískan hátt tómleika lífs okkar og fánýti andspænis hinni óumflýjanlegu hnignun.

Leikskáldið Samuel Beckett fæddist á Írlandi árið 1906 en vann mestan hluta ævi sinnar í París þar sem hann skrifaði jöfnum höndum á ensku og frönsku. Meðal þekktustu verka hans má nefna Beðið eftir Godot, Enda-

tafl, Síðasta segulband Krapps og Hamingjudaga. Samuel Beckett hlaut Nóbbersverðlaun í bókmenntum árið 1969.

Þetta er í annað sinn sem Hamingjudagar eru settir upp á Íslandi en leikfélagið Gríma frumsýndi verkið í Lindarbæ árið 1965 í leikstjórn Eyvindar Erlendssonar og í þýðingu Önnu S Gunnarsdóttur. Með hlutverk Vinníar fór Þórunn Sveinsdóttir. Þýðing Árna Ibsen sem hér er flutt og endurskoðuð af Hafliða Arngrímssyni var unnin fyrir sýningu Þjóðleikhússins árið 1988 en rataði aldrei á svið.

Öll verk Becketts eiga það sameiginlegt að vekja okkur til vitundar, vera ófyrirsjáanleg og krefja okkur um eigin úrvinnslu. Hamingjudagar eru þar engin undantekning og hræra áfram í huga áhorfandans löngu eftir að sýningu lýkur.

Marta Nordal

leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar

Hugleiðing leikstjórans

Beckett leikstýrði oft eigin verkum og hafði mjög skýrar hugmyndir um hvernig nálgast ætti textann. Hann skrifar leiklýsingar alveg niður í smæstu smáatriði. Við völdum þá leið að vera samferða Beckett og láta reyna á hugmyndir hans um eigið verk. Á póstmóðernískum tímum, sem nota bene eru nú kannski liðnir, þá er eitthvað við það að mæta þessu verki bara þráðbeint. Hamingjudagar eru formfast verk, en innan formsins leynist frelsi sem getur verið gefandi fyrir bæði leikara og listræna stjórnendur. Í ákveðnum skilningi minnir verkið á tónverk. Það er eins og hann sé alltaf að reyna að komast handan við orðin. Inn í taktinn, sönginn og dansinn. Aðalpersónan Vinní talar látlaust og biður þess að fá að syngja sönginn sinn fyrir svefninn. „Það er svo fátt að tala um. Maður talar um það allt,“ segir hún og heldur áfram „orðin bregðast, kemur sá tími að orðin bregðast“. Þannig eru textar Becketts fremur til þess að skynja en að skilja.

Beckett átti við heilmikið þunglyndi að stríða og á einni af myrkustu stundum lífs hans verður hann fyrir hugljómun og finnur lykilinn að sinni höfundarrödd. Honum verður ljóst að hann á ekki að vera að skrifa um

ytri heiminn heldur hlusta á raddirnar í höfðinu á sér, sem voru eflaust að gera hann alveg brjálaðan. Í kjölfarið hefst eitt gjöfulasta tímabilið á hans ritferli. Hann hellir sér út í skrifin og viskiið. Hann skrifar trilógíuna sem endar á „The unnamable“ og á þessu tímabili verður „Beðið eftir Godod“ til sem markar á einhvern hátt upphaf nútíma leikritunar. „We are born mad. Some remain so“.

Beckett verður vitni að sjálfum sér í myrkustu kimum hugans. Hann særir út demónana með ljósi vitundarinnar og gefur reynslu sinni listrænt form. Leikandi létt ber hann myrkrið á borð í Hamingjudögum á sinn kaldhæðna og hlýja hátt. Hann tekur lesendur og leikhúsgesti með sér í umbreytandi leiðangra. Textarnir eru lifandi ferlar og það eru ekki endilega auðveldir ferlar. Þetta er hálfgerð uppistand. Hann hefur hómor fyrir sjálfum sér og „mannlegu eðli. Mannlegum veikleikum. Eðlilegum veikleikum“. Vinní er föst í haugnum. Föst í sínu sjálfskaparvíti. Hún þráir breytingar, en þorir ekki að breyta neinu. „Gamli stíllinn“. Hún þráir frið en getur ekki látið sjálfa sig í friði.



Verkið er einhvern veginn bæði gamalt og nýtt. Ég trúi því að gamli tíminn í þessu verki sé að hverfa og manneskjurnar geti fundið innri frið og þannig skapist friður á jörðinni. En kannski er það bara óskhyggja, vitfirrt von. Þegar jarðarbúar eiga þann kost einan að hjálpast að og sameinast um að reyna að afstýra loftslags katastrófu og útrýmingu tegundanna þar á meðal eigin útrýmingu, þá bætist enn eitt stríðið við. Mannkynið er einhvern veginn pikkfast í þráhyggjukenndum hjólförum þar sem útblásin egó eru við stýrið sem spóla í hjólförunum. Það var víst ung kona í Úkraínu sem komst þannig að orði þegar stríðið braust út „ég fór að sofa 2022 en vaknaði 1939.“ Það er einhver tímaskekkja í öllu þessu stríðsbrölti. Stríðs-yfirlýsingarnar byrja auðvitað á einhvern hátt innra með hverri manneskju í viðbrögðum hugans við skynjun. Beckett leitaði á náðir Quietisma (sem er lýst sem intellectual stillness eða passiv contemplation). Nú stundar önnur hver manneskja núvitund og fjórfalda leið Búddismans er næstum eins og innkaupalisti á hverju heimili. Hráefnið fyrir hamingjubrauðið end-ar svo í hillunni, því það má enginn vera að því að baka brauðið.

Hamingjubrauðið (fjórfalda leiðin í búddismanum)

1. Það er þjáning í lífinu, allir þekkja þjáningu.
2. Rót þjáningarinnar er í huganum.
3. Það er hægt öðlast hamingju og vera frjáls undan þjáningunni.
4. Til er leið að hamingjunni í gegnum meðvitaða iðkun.

Beckett gekkst við sínum demónum og gaf þeim rödd, það er heilunar-kraftur í því. Hann veigraði sér ekki við því að lýsa upp kviksyndi hugans. Þegar höfundur skrifar svona innan úr kvikunni er hann í raun í tengslum við eitthvað sem er miklu stærra en hann sjálfur. Hamingjudagar eru í þeim skilningi klassískt verk. Þannig hitta margar setningar í þessu verki beint í samtímamarkið „heldur þú að jörðin hafi misst lofthjúpin sinn Villi?“ eða „Nei, eitthvað verður að breytast í veröldinni, ég get ekki meira“.

Harpa Arnardóttir

Leikarar

Edda Björg Eyjólfsdóttir

Árni Pétur Guðjónsson

Edda Björg Eyjólfsdóttir útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1998 og réð sig þá strax til Borgarleikhússins þar sem hún starfaði næstu átta árin. Eftir það hefur hún unnið hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Akureyrar og sem sjálfstætt starfandi. Edda hefur auk þess leikið í sjónvarpi og kvikmyndum, má þar helst nefna Stelpurnar, Ófærð og Síðasti Saumaklúbburinn. Edda hefur talsett mikið af efni sem og leikið með útvarpsleikhúsinu. Edda Björg er ein af stofnendum og tók þátt í uppsetningum leikhópsins Aldrei Óstelandi sem hlutu mikið lof, þar má nefna, Fjalla-Eyvind, Lúkas, og Ofsa. Edda setti á laggirnar Edda Production þar sem hún hefur framleitt, leikstýrt eða leikið í sýningum. Edda hefur hlotið margar tilnefningar til Grímunnar og fékk Grímuna fyrir bestan leik í aðallhlutverki fyrir hlutverk sitt í Hauk og Lilju árið 2021.

Árni Pétur Guðjónsson er ættaður af Melrakkasléttunni. Hann hóf nám við Ríkisleiklistarskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan árið 1973. Hann var í Norræna Leikhópnum Kröku ásamt öðrum verkefnum. Árið 1987 útskrifaðist Árni Pétur úr framhaldsmenntun úr Leiklistarskóla Íslands. Hann er bæði meðlimur í Lab Loka og Áhugaleikhúsi Atvinnu-manna. Hann hefur leikið í ýmsum verkefnum á sviði á borð við Englar í Ameríku, Svikarinn, Koss Kóngulóarkonunar, Steinar í Djúpinu og Kontrabassinn. Á Akureyri lék Árni Pétur meðal annars í verkinu Svört kómedía í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur. Í sjónvarpi má helst nefna þættina Hæ Gosa og Nonna og manna og kvikmyndirnar Agnes, Sódóma Reykjavík og Örninn. Árni Pétur hlaut Stefaniústjakann árið 2017 fyrir framúrskarandi framlag sitt á sviði leiklistar.



Listrænir stjórnendur

Höfundur	Samuel Beckett
Þýðing	Árni Ibsen
Leikstjórn	Harpa Arnardóttir
Leikmynd og búningar	Brynja Björnsdóttir
Lýsing	Ólafur Ágúst Stefánsson
Tónlist	Ísidór Jökull Bjarnason
Þýðing yfirfarin	Haflíði Arngrímsson
Sýningastjóri	Þórunn Geirsdóttir
Hár og gervi	Harpa Birgisdóttir
Umsjónamaður búninga, leikmyndar og leikmuna	Jasmina Wojtyla
Uppsetning leikmyndar	Jasmina Wojtyla og Magnús Viðar Arnarsson
Leikmyndasmíði	Hreiðarssynir
Keyrsla hljóðs og ljósa á sýningum	Ágúst Örn Pálsson
Myndbandshönnun	Ólafur Ágúst Stefánsson, Ísidór Jökull Bjarnason og Brynja Björnsdóttir



Harpa Arnardóttir

Ólafur Ágúst Stefánsson

Harpa Arnardóttir útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1990 og frá Háskóla Íslands árið 2014 með MA gráðu í ritlist. Hún hefur starfað sem leikkona, leikstjóri og leikskáld bæði í stóru leikhúsunum og með sjálfstæðum leikhópum. Þá hefur hún einnig leikið í kvikmyndum og sjónvarpi. Hún hefur hlotið Grímuverðlaunin bæði fyrir leik og leikstjórn auk fjölda tilnefninga og viðurkenninga. Síðasta verkefni hennar var að leikstýra Ég hleyp í Borgarleikhúsinu í byrjun þess árs.

Ólafur Ágúst Stefánsson er sjálfstætt starfandi ljósameistari. Hann lærði ljósahönnun hjá Lárusi Björnsyni og hefur hannað lýsingu fyrir hátt í 80 leiksýningar í atvinnuleikhúsi. Mest í Þjóðleikhúsinu en einnig fyrir sjálfstæða leikhópa, Þjóðleikhús Grænlandinga, Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar. Ólafur fékk Grímunna -Íslensku leiklistarverðlaunin vorið 2020 fyrir ljósahönnun í Atómstöðinni. Hann hefur einnig verið tilnefndur til sömu verðlauna fyrir Skugga Svein, Hauk og Lilju, Vesalingana, Fyrirheitna landið, Hleyptu þeim rétta inn og Horft frá brúnni. Einnig var hann tilnefndur til menningarverðlauna DV fyrir Horft frá brúnni.

Brynja Björnsdóttir

Ísidór Jökull Bjarnason

Brynja Björnsdóttir útskrifaðist frá Myndlistardeild Listaháskóla Ísland árið 2008 með B.A. gráðu í myndlist og með mastersgráðu í leikmynda-hönnun frá The Royal Central School of Speech and Drama árið 2013. Meðal verka sem hún hefur hannað eru Sölumaður deyr, Club Romantica, Kartöfluæturnar, Illska, Bláskjár og Hús Bernhörðu Alba sem sýnd voru í Borgarleikhúsinu. Skrattinn úr sauðarleggnum og Hættuför í Huliðsdal sem sýnd voru í Þjóðleikhúsinu. The last kvöldmáltíð, Hans Blær, Fyrirlestur um eitthvað fallegt og Súldarsker sem sýnd voru í Tjarnarbíó. Núnó og Júnía og Sjeikspír eins og hann leggur sig sem sýnd voru hjá Leikfélagi Akureyrar. Hún var var tilnefnd til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna fyrir leikmyndina fyrir Súldarsker.

Ísidór Jökull Bjarnason útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2021 með BA próf í tónsmíðum. Hann hefur verið duglegur í grasrótar senunni í Reykjavík sem tónlistarmaður og gaf nýlega út fyrstu sóló plötuna sína. Hann hefur starfað sem hljóðmaður og hljóðhönnuður hjá Borgarleikhúsinu seinustu ár ásamt því að vinna sjálfstætt. Hann hlaut Grímutilnefningu fyrir tónlistina við verkið Ég Hleyp.





Þakkir

Sóluskógar

Janina Wojtyla

LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



FRUMSÝNT Í SAMKOMUHÚSINU Í JANÚAR

MIDASALA Á MAK.IS